

Skipulags- og samgönguráð

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, eftirlitsmyndavélar

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í samgöngu- og skipulagsráði leggja til að umhverfis- og skipulagssvið birti ekki efni úr rafrænum eftirlitsmyndavélum sínum á vefsíðu aðgengilega öllum eins og hefur verið .

Umhverfis- og skipulagssvið starfrækir átta eftirlitsmyndavélar í borgarlandinu undir því yfirsýni að fylgjast með færð vega. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins líta ekki svo á að fylgjast þurfi með færð á sumrin og ekki að efnið þurfi að vera aðgengilegt öllum á vefsíðu Vegagerðarinnar . Þegar kemur að rafrænu eftirliti er mikilvægt að stíga varlega til jarðar. Friðhelgi einkalífsins á að vega þyngra en þörf almennings til að fylgjast með umferð og færð á vegum í þéttbýli.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs:

Umhverfis- og skipulagssvið heldur úti vegefirtliti á átta stöðum í borginni. Um með er að ræða rafræna vöktun með myndavélum sem taka ljósmynd á 5-10 mínútna fresti, þar til næsta mynd tekur við. Almennt er þessum myndavélum beint þannig að þær taka mynd yfir stórt svæði og ekki er hægt að greina bílnúmer eða einstaklinga á myndunum. Í þeim tilgangi að auðvelda aðgengi borgaranna að færð á vegum hefur myndefni úr umræddri myndavél verið streymt á síðu Vegagerðarinnar sem er öllum opin^[1] <https://vegasja.vegagerdin.is/?xmin=315811&ymin=365280>¹. Að því marki sem um persónugreinanlegar upplýsingar er að ræða er vinnsla þeirra byggð á heimild í 3. tl. 9. gr. laga nr 90/2018, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem kveður á um að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvíli á ábyrgðaraðila. Reykjavíkurborg er ábyrgðaraðili umræddrar vinnslu. Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 fer sveitarstjórn með veghald á sveitarfélagsvegum og er sú ábyrgð lögð á veghaldara að gæta umferðaröryggis og gæta þess að umferð eigi greiða og góða leið um vegi. Hluti af því er að gæta að umferðaröryggi og færð yfir vetrarmánuðina þegar veðurfar, hálka og snjór geta ógnað umferðaröryggi og greiðfærni. Þá byggir Reykjavíkurborg einnig á því að vinnslan falli undir 5. tl. 9.gr. sömu laga, þ.e. sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með. Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 90/2018 segir að 5. tl. 9.gr. taki meðal annars til annarar vinnslu sem teljist til stjórnsýslu, svo sem opinberrar þjónustustarfsemi, en vöktuninni er bæði ætlað að aðstoða borgarana, við upplýsingar um færð á vegum, og auðvelda snjósmokstursaðilum að greiða veginn fyrir borgara og meta ástand vega.

Í kjölfar kortlagningar vinnslu persónuupplýsinga, vegna innleiðingu nýrra persónuverndarlaga hjá umhverfis og skipulagssviði, var svo gerð sú breyting að nú fer vöktunin einungis fram yfir vetrarmánuðina, þ.e. frá 42. viku að hausti og fram til 15. viku að vori, eða þann tíma skilgreint hefur verið að hætta geti verið á vetrarfærð. Þá var einnig tekin upp sú nýlunda að skyggja hluta myndanna frá myndavél í Einarsnesi þannig að ekki sjáist heim að húsum, sjá meðfylgjandi skjáskot. Með þessu er tryggt að ekki fari fram meiri vinnsla persónuupplýsinga en nauðsynlegt er í ljósi tilgangs hennar.

Umrædd vöktun fer eins og fram hefur komið fram í málefnalegum tilgangi. Um er að ræða vöktun í öryggisskyni, það efni sem verður til við vöktunina er ekki afhent öðrum umfram þá birtingu sem fer fram á heimasíðu Vegagerðarinnar og því efni sem safnast við vöktunina er eytt eftir 30 daga. Umhverfis- og skipulagssvið telur umrædda vöktun nauðsynlega til að sinna lögbundnu hlutverki sínu sem veghaldara og hluta af eðlilegri upplýsingagjöf til borgaranna um veður og færð á vegum. Með þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til er þess gætt að söfnun og vinnsla persónugreinanlegra upplýsinga sé haldið í lágmarki.

Myndavél á mótum Skeljaness og Einarsness



Einarsnes til norðvesturs



Skeljanes til suðvesturs

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra